

Fréttatilkynning

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2007

543 milljón króna tekjuafgangur Mosfellsbæjar

Ársreikningur Mosfellsbæjar fyrir árið 2007 var kynntur á 491. fundi bæjarstjórnar í dag miðvikudaginn 21. maí 2008 og honum vísað til seinni umræðu sem er fyrirhuguð er 4. júní.

Rekstur sveitarfélagsins á árinu 2007 gekk mjög vel. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 543 mkr. Veltufé frá rekstri var 600 mkr eða 13,8% af rekstrartekjum og handbært fé frá rekstri var 416 mkr. Skuldir og skuldbindingar A og B hluta lækkuðu um 348 mkr á árinu og námu 3.730 mkr í árslok. Eiginfjárlutfall A og B hluta var 0,42 og hefur hækkað úr 0,25 frá árinu 2002 en sé einungis litið til A hluta var eiginfjárlutfall 0,42 og hefur hækkað úr 0,15 frá árinu 2002.

Mikil uppbygging átti sér stað í sveitarfélaginu á árinu og námu fjárfestingar 618 mkr en þar af voru 401 mkr vegna fræðslumála og 66 mkr vegna íþróttamála. Á árinu var tekin í notkun íþróttamiðstöð að Lækjarhlíð sem er í eigu Fasteignafélagsins Lækjarhlíðar ehf þar sem Mosfellsbær er 50% eigandi. Mosfellsbær hefur gert sérleyfissamning til 30 ára sem tryggir íbúum aðgang að miðstöðinni.

Sköttum og þjónustugjöldum er stillt í hóf og er Mosfellsbær eitt fárra sveitarfélaga sem ekki fullnýtir heimild til álagningar útsvars. Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði voru lækkaðir í 0,225% auk þess sem 5 ára börn fá áfram endurgjaldslausu 8 tíma leikskólavist.

Mosfellsbær hefur markað sér sérstöðu á meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar áherslu á fjölskylduvænt samfélag með áherslu á íþróttir og útivist. Framtíðarhorfur Mosfellsbæjar eru góðar og hefur sveitarfélagið í samvinnu við landeigendur stuðlað að nægu framboði lóða og uppbyggingu skólamannvirkja. Íbúum fjölgaði um 646 eða um 8,6% á árinu og voru 8.147 í árslok. Gert er ráð fyrir áframhaldandi íbúaaukningu á komandi árum sbr. þriggja ára áætlun.

Ársreikning bæjarsjóðs Mosfellsbæjar má nálgast á heimasíðu bæjarins www.mos.is undir liðnum Stjórnsýsla.

21. maí 2008

Pétur Jens Lockton,
fjármálastjóri Mosfellsbæjar
sími 525-6700

Meðfylgjandi:

Ársreikningur Mosfellsbæjar 2007.

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2007.

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar sl. 6 ár.

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar 2007

Rekstrarreikningur ársins 2007				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Raun	Áætlun	Raun	Áætlun
Rekstrartekjur:				
Skatttekjur	2.616	2.618	2.616	2.618
Framlög Jöfnunarsjóðs	316	269	316	269
Aðrar tekjur	690	650	1.032	953
Rekstrartekjur samtals	3.623	3.537	3.964	3.841
Rekstrargjöld:				
Laun og launatengd gjöld	1.753	1.745	1.767	1.762
Annar rekstrarkostnaður	1.208	1.115	1.352	1.248
Afskriftir	102	90	164	152
Rekstrargjöld samtals	3.062	2.951	3.283	3.163
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsliða	560	586	680	677
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3 (65)	(131) (188)
Tekjuskattur	0	0	(7)	0
Rekstrarniðurstaða	564	521	543	490

Úr efnahagsreikningi Mosfellsbæjar 31.12.2007				
(í milljónum króna)	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	2007	2006	2007	2006
Eignir:				
Fastafjármunir	4.571	3.999	5.786	5.075
Veltufjármunir	778	981	693	973
Eignir samtals	5.349	4.980	6.479	6.048
Skuldir og eigið fé:				
Skuldir og skuldbindingar	3.123	3.484	3.730	4.078
Eigið fé	2.226	1.495	2.748	1.970
Skuldir og eigið fé samtals	5.349	4.980	6.479	6.048

Lykiltölur úr ársreikningi Mosfellsbæjar síðustu sex ár - Sveitarsjóður A-hluti

Í krónum á íbúa	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Rekstur:						
Skatttekjur	359.904	326.885	288.951	267.774	249.894	225.192
Aðrar tekjur	84.741	67.138	103.405	49.164	40.670	28.435
Laun og launatengd gjöld	215.205	217.938	185.490	175.454	174.256	167.215
Annar rekstrarkostnaður	148.214	118.610	97.929	93.991	91.669	97.772
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	415	(19.726)	(8.012)	(5.600)	(12.758)	4.802
Rekstrarniðurstaða	69.177	25.455	75.791	29.514	(671)	(18.845)
Efnahagur:						
Eignir	656.508	663.870	629.852	614.124	610.612	585.198
Eigið fé	273.202	199.351	182.254	112.349	85.469	88.083
Skuldir og skuldbindingar	383.306	464.519	447.598	501.775	525.143	497.115
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá, (til) rekstrar	61.405	62.920	48.754	44.832	25.335	(16.096)
Handbært fé frá (til) rekstrar	38.172	76.899	49.099	54.119	14.241	(18.765)
Aðrar lykiltölur:						
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við langtímaskuldir, mælt í árum	3,91	4,56	6,46	8,46	15,70	0,00
Veltufjárhlutfall	1,12	1,04	1,41	1,02	0,91	0,43
Eiginfjárhlutfall	0,42	0,30	0,29	0,18	0,14	0,15
Útsvarprósenta	12,94%	12,94%	12,94%	12,94%	12,94%	12,65%
Fasteignaskattsprósenta, A-liður	0,225%	0,265%	0,360%	0,360%	0,320%	0,320%
Fasteignaskattsprósenta, B-liður	0,880%	0,440%				
Fasteignaskattsprósenta, C-liður	1,200%	1,200%	1,200%	1,000%	1,000%	1,000%
Önnur atriði						
Breyting á íbúafjölda:	2007	2006	2005	2004	2003	2002
Íbúafjöldi 1. desember	8.147	7.501	7.157	6.782	6.573	6.428
Breyting frá fyrra ári	8,6%	4,8%	5,5%	3,2%	2,3%	2,1%